STJÓRNARTÍÐINDI B 111 – 2000

Nr. 746 2108 24. október 2000

REGLUGERÐ

um jöfnun námskostnaðar.

1. gr.

Almenn skilyrði.

Nemendur á framhaldsskólastigi sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum eiga rétt til námsstyrkja til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun vegna búsetu svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari:

a) Nemandi stundar reglubundið nám á framhaldsskólastigi hér á landi, sem ekki er á háskólastigi eða gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi, enda sé um að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám við framhaldsskóla sem falla undir ákvæði laga um framhaldsskóla nr. 80/1996, með áorðnum breytingum. Námsstyrkjanefnd er heimilt að styrkja annað hliðstætt nám á framhaldsskólastigi.

b) Nemandi nýtir ekki rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða nýtur hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a. **Reglubundið nám.** Nemandi telst hafa fullnægt skilyrði a-liðar 1. gr. hafi hann tekið próf til fullnustu a.m.k. 12 eininga námi á önn eða skóli staðfestir námsárangur með ástundunarvottorði, ef námi lýkur ekki með prófi. Ef námi er ekki lokið vegna veikinda skal skóli staðfesta móttöku á fullgildu læknisvottorði.

b. **Sambærilegt nám.** Við mat á því hvort sambærilegt framhaldsnám verði stundað í heimabyggð eða ekki er alfarið vísað til námsbrautarlýsingar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, þegar um nám á 1. ári samkvæmt skipulagi skóla er að ræða. Á síðari stigum framhaldsnáms er vísað til eðlis og gæða skóla eða einstakra námsáfanga að mati umsækjanda. Í fylgiskjali I er listi yfir staði þaðan sem nám á tilgreindum brautum á 1. ári telst ekki styrkhæft vegna dvalar fjarri lögheimili.

c. **Dvalarstyrkur.** Dvalarstyrkur er þríþættur þ.e. ferðastyrkur, fæðisstyrkur og húsnæðisstyrkur.

3. gr.

Námsstyrkjanefnd og LÍN.

Námsstyrkjanefnd úthlutar styrkjum til styrkhæfra nemenda að jafnaði einu sinni á ári. Nefndin auglýsir eftir umsóknum um námsstyrki á haustönn og skulu umsóknir berast á þar til gerðum eyðublöðum.

Gutenberg

Námsstyrkjanefnd hefur starfsstöð í húsakynnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna og annast sjóðurinn alla umsýslu og nauðsynlega framkvæmd fyrir nefndina. LÍN tekur m.a. við umsóknum um námsstyrki, sér um úrvinnslu þeirra, leitar eftir upplýsingum frá skólum um hvort nemandi teljist hafa stundað reglubundið nám, sbr. 2. gr., og annast útborgun námsstyrkja.

Til staðfestingar á því að nemandi stundi reglubundið nám á framhaldsskólastigi ber viðkomandi framhaldsskóla, að ósk námsstyrkjanefndar, að láta nefndinni í té upplýsingar þar að lútandi áður en útborgun námsstyrkja fer fram.

Miða skal við að útborgun námsstyrkja fari fram í tvennu lagi eða jafnskjótt og framhaldsskólar staðfesta námsárangur eða námsástundun nemandans í lok haustannar og í lok vorannar.

Athugasemdir við niðurstöður námsstyrkjanefndar skulu vera skriflegar og studdar gögnum eftir eðli máls. Þær skulu berast innan 30 daga frá birtingu á niðurstöðu nefndarinnar.

4. gr.

Dvalarstyrkir.

Þeir sem ekki geta stundað sambærilegt nám frá lögheimili sínu og dvelja þess vegna fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni geta átt rétt á dvalarstyrk. Fullur dvalarstyrkur nær til ferðastyrks, fæðisstyrks og húsnæðisstyrks. Námsstyrkjanefnd ákveður upphæð dvalarstyrks. Skilyrði dvalarstyrks er að dvalarstaður nemanda vegna náms sé a.m.k. 30 km frá lögheimili hans og foreldra eða forráðamanna (annars eða beggja).

Áður en útborgun fer fram í lok haustannar ákveður námsstyrkjanefnd upphæð fulls dvalarstyrks með hliðsjón af heildarfjárhæð sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði á fjárlögum ár hvert.

Námsstyrkjanefnd er heimilt að víkja frá skilyrði um búsetu fjarri foreldri eða forráðamanni, sbr. 2. mgr., ef eitthvert eftirtalinna atriða er uppfyllt:

1) lögheimilishúsnæði er í eigu námsmanns;
2) námsmaður hefur sótt fulla vinnu frá lögheimili sínu og hefur samfellt verið lengur en 7,5 mánuði á vinnumarkaði;
3) námsmaður og maki hafa barn á framfæri sínu, maki dvelur í lögheimilshúsnæði og skráð sambúð á lögheimili hefur varað í a.m.k. eitt ár.

5. gr.

Svæðaskipting.

Upphæð dvalarstyrks tekur mið af lögheimili og er landinu skipt í þrjú svæði: svæði A (höfuðborgarsvæðið og Akureyri); svæði B (sveitarfélög og nágrannabyggðir með framhaldsskóla); svæði C (önnur byggðalög). Í fylgiskjali II er gerð nánari grein fyrir svæðaskiptingunni.

Námsstyrkjanefnd er heimilt að veita allt að 15% uppbót á fullan dvalarstyrk til nemenda sem eiga lögheimili á svæði B og allt að 30% uppbót á fullan dvalarstyrk til nemenda sem eiga lögheimili á svæði C.

6. gr.

Styrkir vegna skólaaksturs.

Þeir nemendur sem stunda nám við framhaldsskóla utan höfuðborgarsvæðis, sbr. skilgreiningu í fylgiskjali II og sækja nám frá lögheimili fjarri skóla geta átt rétt á styrk vegna skólaaksturs. Heildarupphæð styrkja vegna skólaaksturs er ákveðin í fjárlögum ár hvert.

Styrkir vegna skólaaksturs skulu annars vegar renna til tiltekinna skóla sem skipuleggja akstur fyrir nemendur og hins vegar beint til nemenda enda uppfylli þeir eftirtalin skilyrði:

1) sækja framhaldsskóla sem eru á svæði B, sbr. 5. gr., og geta ekki nýtt sér skipulagðan akstur á vegum skóla;
2) sækja skóla frá lögheimili sínu og lögheimili foreldra eða forráðamanna, annars eða beggja;
3) lögheimili er ekki í nágrenni skóla, sbr. yfirlit á fylgiskjali III yfir staði, sem teljast í nágrenni skóla í þessu samhengi.

Námsstyrkjanefnd er heimilt að víkja frá skilyrði um búsetu hjá foreldri eða forráðamanni, sbr. 2. tl. 2. mgr., ef eitthvert skilyrða 4. mgr. 4. gr. er uppfyllt.

Námsstyrkjanefnd skal í upphafi árs auglýsa eftir umsóknum frá skólum sem áhuga hafa á að skipuleggja daglegan akstur framhaldsskólanemenda næstkomandi skólaár. Útborgun styrkja til skóla skal lokið fyrir 1. desember ár hvert. Áður en úthlutun styrkja beint til nemenda fer fram í lok haustannar ákveður námsstyrkjanefnd upphæð styrksins með hliðsjón af fjárlögum ár hvert.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 23/1989 um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 779/1999.

Menntamálaráðuneytinu, 24. október 2000.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Fylgiskjal I.

Framhaldsskólanám á fyrsta ári sem er ekki styrkhæft ef lögheimili fellur undir neðangreind póstnúmer.

	Reykjavík	Seltjarnarnes	Kópavogur	Garðabær	Hafnarfjörður	Bessastaðahr.	Keflavík	Njarðvík	Mosfellsbær	Akranes	Stykkishólmur	Snæfellsbær	Ísafjörður	Sauðárkrókur	Akureyri	Húsavík	Laugar	Egilsstaðir	Neskaupst.	Höfn	Selfoss	Laugarvatn	Vestm.-eyjar
Pnr:	101-155	170	200	210	220	225	230	260	270	300	340	360	400	550	600	640	641	700	740	780	800	840	900
og svnr:									1604				410		603		650	701		781			
																	6608	7506					
Nám:																							
Allt nám á 1. ári	x	x	x	x	x	x			x														
Almennt nám							x	x		x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Félagsfræðabraut							x	x		x			x	x	x	x	x	x			x		x
Flugþjónustubraut							x	x															
Handíðabraut															x								
Hússtjórnarbraut																		x			x		
Íþróttanám							x	x		x				x	x		x	x			x	x	
Listnámsbraut							x	x		x				x	x			x					
Málabraut							x	x		x			x	x	x			x		x	x	x	
Náttúrufræðibraut							x	x		x			x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Matartæknibraut													x		x								
Sjávarútvegsbraut							x	x					x						x	x			x
Sjúkraliðabraut							x	x		x			x		x	x			x		x		
Uppeldisbraut							x	x		x					x	x		x		x	x		x
Vélstjórnarbraut							x	x					x		x				x				x
Vélavarðanám										x					x								
Viðskiptabraut							x	x		x			x		x	x		x			x		x
Iðnnám, samningsbundið							x	x		x			x	x	x				x		x		x
Málmiðngreinar, fyrri hluti							x	x		x			x	x	x				x		x		x
Grunndeild bíliðna							x	x		x			x	x	x						x		
Grunndeild rafiðna							x	x		x			x	x	x				x		x		x
Grunndeild tréiðna							x	x		x			x	x	x				x		x		
Sérdeildir, starfsbraut										x			x	x	x				x		x		

Fylgiskjal II.

SVÆÐI A:

Svnr.	Sveitarfélag	Pnr.
0000	Reykjavíkurborg	101-155
1000	Kópavogsbær	200
1100	Seltjarnarneskaupstaður	170
1300	Garðabær	210
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	220
1603	Bessastaðahreppur	225
1604	Mosfellsbær	270
6000	Akureyrarkaupstaður	600;603

SVÆÐI B:

Svnr.	Sveitarfélag	Pnr.
2000	Reykjanesbær	230;233;260
2300	Grindavíkurkaupstaður	240
2503	Sandgerðisbær	245
2504	Gerðahreppur	250
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	190
3000	Akraneskaupstaður	300
3502	Skilmannahreppur	301
3503	Innri-Akraneshreppur	301
3504	Leirár- og Melahreppur	301
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	415
4200	Ísafjarðarbær	400;401;410
4803	Súðavíkurhreppur	420
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	550
6100	Húsavíkurkaupstaður	640
6506	Arnarneshreppur	601
6507	Skriðuhreppur	601
6508	Öxnadalshreppur	601
6509	Glæsibæjarhreppur	601
6513	Eyjafjarðarsveit	601
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	601
6608	Reykdælahreppur	641;650
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	710
7300	Fjarðabyggð	730;735;740
7505	Fljótsdalshreppur	701
7506	Fellahreppur	701
7618	Austur-Hérað	700;701
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	780;781*)
8000	Vestmannaeyjabær	900
8200	Sveitarfélagið Árborg	800;820;825
8701	Gaulverjabæjarhreppur	801
8706	Hraungerðishreppur	801
8707	Villingaholtshreppur	801
8708	Skeiðahreppur	801
8712	Laugardalshreppur	840
8716	Hveragerðisbær	810
8717	Sveitarfélagið Ölfus	815
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	801

*) Austan Hornafjarðarfljóts

SVÆÐI C:

Svnr.	Sveitarfélag	Pnr.
1606	Kjósarhreppur	270
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	301
3506	Skorradalshreppur	311
3510	Borgarfjarðarsveit	320
3601	Hvítársíðuhreppur	311
3609	Borgarbyggð	311
3701	Kolbeinsstaðahreppur	311
3709	Eyrarsveit	350
3710	Helgafellssveit	340
3711	Stykkishólmsbær	340
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	311
3714	Snæfellsbær	355;360
3809	Saurbæjarhreppur	371
3811	Dalabyggð	370
4502	Reykhólahreppur	380
4604	Tálknafjarðarhreppur	460
4607	Vesturbyggð	450;451;460
4901	Árneshreppur	522;523;524
4902	Kaldrananeshreppur	520
4904	Hólmavíkurhreppur	510
4905	Kirkjubólshreppur	510
4908	Bæjarhreppur, Strand.	500
4909	Broddaneshreppur	500;510
5000	Siglufjarðarkaupstaður	580
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	551
5508	Húnaþing vestra	530;531
5601	Áshreppur	541
5602	Sveinsstaðahreppur	541
5603	Torfalækjarhreppur	541
5604	Blönduósbær	540
5605	Svínavatnshreppur	541
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	541
5607	Engihlíðarhreppur	541
5608	Vindhælishreppur	541
5609	Höfðahreppur	545
5610	Skagahreppur	545
5706	Akrahreppur	560

Svnr.	Sveitarfélag	Pnr.
6200	Ólafsfjarðarkaupstaður	625
6400	Dalvíkurbyggð	620;621
6501	Grímseyjarhreppur	611
6504	Hríseyjarhreppur	630
6602	Grýtubakkahreppur	610
6604	Hálshreppur	601
6605	Ljósavatnshreppur	645
6606	Bárðdælahreppur	645
6607	Skútustaðahreppur	660
6609	Aðaldælahreppur	641
6610	Reykjahreppur	641
6611	Tjörneshreppur	641
6701	Keldunesshreppur	671
6702	Öxarfjarðarhreppur	670
6705	Raufarhafnarhreppur	675
6706	Svalbarðshreppur	675;681
6707	Þórshafnarhreppur	680
7501	Skeggjastaðahreppur	685
7502	Vopnafjarðarhreppur	690
7509	Borgarfjarðarhreppur	720
7512	Norður-Hérað	701
7605	Mjóafjarðarhreppur	715
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	750
7611	Búðahreppur	750
7612	Stöðvarhreppur	755
7613	Breiðdalshreppur	760
7617	Djúpavogshreppur	765
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	781*)
8508	Mýrdalshreppur	870;871
8509	Skaftárhreppur	880
8601	A.-Eyjafjallahreppur	861
8602	V.-Eyjafjallahreppur	861
8603	A.-Landeyjahreppur	861
8604	V.-Landeyjahreppur	861
8605	Fljótshlíðarhreppur	861
8606	Hvolhreppur	860
8607	Rangárvallahreppur	850
8610	Ásahreppur	851
8611	Djúpárhreppur	851
8612	Holta- og Landsveit	851
8709	Gnúpverjahreppur	801
8710	Hrunamannahreppur	845
8711	Biskupstungnahreppur	801
8714	Þingvallahreppur	801

*) Vestan Hornafjarðarfljóts

Fylgiskjal III.

Staðir í nágrenni framhaldsskóla.

Svnr.	Sveitarfélag	Pnr.
2000	Reykjanesbær	230;233;260
3000	Akraneskaupstaður	300
3711	Stykkishólmsbær	340
3714	Snæfellsbær	360
4200	Ísafjarðarbær	400;410
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	550
6000	Akureyrarkaupstaður	600;603
6100	Húsavíkurkaupstaður	640
7300	Fjarðabyggð	740
7506	Fellahreppur	701
7618	Austur-Hérað	700
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	780;781*)
8000	Vestmannaeyjabær	900
8200	Sveitarfélagið Árborg	800
8712	Laugardalshreppur	840

*) Austan Hornafjarðarfljóts